

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 219/2017**2019/EES/80/11**

frá 15. desember 2017

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1016 frá 14. júní 2017 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bensóvindflúþýr, klórantranilípról, delta-metrín, etófúmesat, haloxyfóp, vægt pepínómósaífkveirueinangur VC1, vægt pepínómósaífkveirueinangur VX1, oxapíapíprólín, penþíópýrað, pýraklóstróbín, spírótetramat, sólblómaolíu, tóklófos-metýl og trínexapak í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1135 frá 23. júní 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir dímetóat og ómetóat í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1164 frá 22. júní 2017 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir akrínatrín, metalaxýl og þíabendasól í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 1016**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1016 frá 14. júní 2017 (Stjtíð. ESB L 159, 21.6.2017, bls. 1),
- **32017 R 1135**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1135 frá 23. júní 2017 (Stjtíð. ESB L 164, 27.6.2017, bls. 28),
- **32017 R 1164**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1164 frá 22. júní 2017 (Stjtíð. ESB L 170, 1.7.2017, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 159, 21.6. 2017, bls. 1.⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 164, 27.6. 2017, bls. 28.⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 170, 1.7. 2017, bls. 3.

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32017 R 1016**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1016 frá 14. júní 2017 (Stjttíð. ESB L 159, 21.6.2017, bls. 1),
- **32017 R 1135**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1135 frá 23. júní 2017 (Stjttíð. ESB L 164, 27.6.2017, bls. 28),
- **32017 R 1164**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1164 frá 22. júní 2017 (Stjttíð. ESB L 170, 1.7.2017, bls. 3).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/1016, (ESB) 2017/1135 og (ESB) 2017/1164, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.